# Reikningar Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings 1870-1889

Aðfnr. 1345, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fiskimannasjóður
1888

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjafir
til
# fiskimannasjóðsins í Kjalarnesþingi 1888,
afhentar undirskrifuðum.

—„—

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Frá ýmsum sjómönnum 11 skpd 240 pd af verkuðum saltfiski nr. 1. á 34 kr. skpd | | Kr. 401.63 |
| | —„— landshöfðingja M. Stephensen | | „ 97.00 |
| | —„— amtmanni E. Th. Jónassen | | „ 20.00 |
| borgað | —„— bæjarfulltrúa G. Þórðarsyni | | „ 8.00 |
| borgað | —„— yfirkennara H. Friðrikssyni | | „ 5.00 |
| | —„— bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni | | „ 10.00 |
| | —„— bankabókara Sighv. Bjarnasyni | | „ 3.00 |
| | —„— revisor Indriða Einarssyni | | „ 2.00 |
| | —„— Þórarni Þórarinssyni sjómanni | | „ 5.00 |
| | —„— Steingrími Jónssyni | —„— | „ 1.90 |
| | —„— Guðmundi Ásmundssyni | —„— | „ 1.50 |
| 18 5/2 | —„— Sigurði Sigurðssyni | —„— | „ 5.06 ~~[illegible]~~ |
| | —„— Hákoni Eyjólfssyni í Stafnesi | } afhent af | „ 27.50 |
| | —„— Eyjólfi Eyjólfssyni í Saurbæ | } dómkirkjuprestinum | „ 8.45 |
| | | Samtals | Kr. 595.48 ~~56~~ |

Bæjarfógetinn í Reykjavík 17. des. 1888.

Halldór Daníelsson

| | |
|---|---|
| Jón Torfason í Hákonarbæ | Kr. 4.00 |
| Þórður Guðmundsson Hól | „ 8.00 |
| Jón Jónsson Mýrarhúsum | „ 5.00 |
| Þorvaldur Lambastöðum | „ 5.00 |
| Grímur Jakobsson Seli | „ 2.00 |
| P. Pétursson biskup | „ 10.00 |
| | 34.00 |

1343.87

| | |
|---|---|
| 596.04 | |
| 34.00 | |
| 630.04 | |
| 414.56 | } Sýslum |
| 14.00 | } |
| 46.70 | |
| 100.00 | O.V.G. |
| 60.00 | Hákon |
| 23.00 | séra Jens |
| 55.57 | [illegible] |
| 1343.87 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð jeg hef fengið upplýsingu um, að styrktarsjóður ekkna og barna drukknaðra fiskimanna í Kjalarnesþingi hefur eigi fengið nein tillög, er teljandi sé, úr Seltjarnarneshreppi árið sem leið, en verið styrktur meira og minna, samtals hátt á 2. þúsund krónur, úr öllum öðrum hreppum sýslunnar, nema Vatnsleysustrandarhreppi, og þar eð mér þykir leitt að Seltjarnarneshreppur, sem annars eigi hefur verið eptirbátur annara til að styrkja þennan sjóð, skerist nú úr almennum samtökum í þessu velferðarmálefni sjómanna, sem hafa þegar haft mjög svo heiðarlegan árangur, þá leyfi jeg mér að skora á sveitunga mína að leggja nú nokkuð til sjóðsins sem tillag fyrir árið sem leið, og rita í því skyni á þennan lista nöfn sín og upphæð tillagsins. —

Ráðagerði janúar 1889.

Þórður Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ Þórður Jónsson Raðagerði 15 kr ×" "
Jón Jónsson Nesi — — — 1 kr

+ Sigurður Jónsson Bakkakoti 2 kr ×
+ Páll Guðmundsson Bakkakoti 2 kr +
+ Jón Guðmundsson Bakka — — 2 kr
+ Tómas K Pálsson — — — 1 kr +
× Pjetur Guðmundsson Hrólfskála 5 kr +
× Guðm Guðmundsson 2 kr + Melshúsum
+ Jón Jónsson 1 kr Melshúsum
× Melshús Björn Jónsson + 1 kr
+ Bjarni Gunnarsson + Melshúsum 2 kr +
Eiríkur Bjarnason Eyði 2 kr (borgað)
× Gunnlaugur Jónsson Skaftholti 1 kr +
Guðmundur Ólafsson Mýrarhúsum 0,50 (borgað)
× Anna Björnsdóttir Mýrarhúsum 2 kr +
Eyleifur Guðmundsson Gesthúsum 1 kr borgað
Runólfur Ólafsson Mýrarhúsum 1 kr. Borgað
Ásbjörn Jónsson Nýlendu 1 kr. borgað
× Ólafur Ingimundsson Bygggarði 5 kr +
Ingimundur Ólafsson ditto 1 kr borgað
× Jón Einarsson Skildinganesi 2 kr +
Sigurður Guðmundsson Skildinganesi 1 kr
+ Sigurður Jónsson Skildinganesi 3 kr +
+ Erlendur Guðmundsson Skildinganesi 9 kr +
+ Hjörtur Þorkjelsson Bakkakoti 3 kr +
× Sigurður Einarsson Pálsbæ 4 kr ±
× Jóhann Kr Árnason — — 2 kr +

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Þórður Jónsson Grottu 5 Kr ×

77.50
11.50
66.00

47

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur
yfir
tekjur og gjöld fiskimannasjóðs Kjalarnesþings árið 1888.

| Tekjur | Kr. | a. | Gjöld | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| I. Eptirstöðvar frá f. á. | | | I. Veittur styrkur — | 350 | „ |
| 1. á vöxtum í ~~landsb.~~ bæjarsjóði kr. 5100.00 | | | II. Borgað fyrir ýmsar auglýsingar í þarfir sjóðsins | 27 | 80 |
| 2. „ ~~—~~ í landsbank. „ 557.37 | | | III. Eptirstöðvar | | |
| 3. í vörzlum gjaldkera „ 53.69 | 5711 | 6 | 1. á vöxtum í bæjarsjóði kr. 5000.00 | | |
| | 1491 ~~1484~~ | 72 ~~66~~ | 2. „ — „ í bankanum „ ~~1914.69~~ 45.61 | | |
| II. Gjafir — —— | | | 3. í vörzlum gjaldkera „ ~~48.55~~ | | |
| III. Vextir | | | 4. Skuld hjá Þóroddi á Bjarnanesi „ 25.00 | | |
| 1. af peningum í bæjarsjóði kr. 200.00 | | | 5. Inneign í verzlun J. Ó. V. Jónssonar og W. Fischer „ 72.50 | 7057 ~~60~~ ~~7060~~ | 80 ~~74~~ |
| 2. „ skuld Gríms Guðnasonar „ 4.00 | | | | | |
| 3. „ peningum í landsbank. „ 28.82 | 232 | 82 | | | |
| Samtals | ~~7428~~ 7438 | 54 | Samtals | 7435 ~~7428~~ | 60 ~~54~~ |
| | 7435 | 60 | | | |

60 74

~~0~~54 7438.54
7060.74 7435.60
2.94 2.94
7057.80 / 48.55
2.94
45.61
44.91
70

4.56
53.50
4.00
17.85
79.91
35.00
44.91

S

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Sigurður Sigurðsson Hlemmum
hefur í dag inn í reikning ekkna
drukknaðra fiskimanna við verzlun
W. Fischers í Reykjavík

90 a Blautfisk (Þorsk) 20 St

Reykjavík 13/12 1888
pr G Finnbogasen
B Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skilagrein

## fyrir samskotum til fiskimanna í Kjalarnesþ. 1888.

| Byggðarlög | Fylgiskjöl | Kr. | a. |
|---|---|---|---|
| Grindavík | 1. | 100 | „ |
| Miðnes. | 2,3,4,22. | 99 | 1 |
| Garður og Leira | 5.6.7.8.9.22 | 171 | 95 |
| Vogar | 10 | 17 | 85 |
| Njarðvíkur | 11.22 | 42 | 71 |
| Álptanes og Hafnarfjörður | 12–18 | 431 | 91 |
| Mosfellssveit | 12 | 4 | 85 |
| Kjós | 19 og 12 | 38 | 50 |
| Kjalarnes | 20, 21 og 22 | 15 | 89 |
| Seltjarnarnes | 22. | 107 | 15 |
| Reykjavík | 22–25. | 461 | 90 |
| | | 1491 | 72 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fskj 1

| | | |
|---|---|---|
| Úr Grindavík | — — | Kr 100.00 |
| úr Miðneshreppi | — — | " 97.37 |
| " Rosmhvalaneshreppi | — — | " 163.93 |
| " Mosfellssveit | — — | " 4.85 |
| " Njarðvíkum | — — | " 42.70 |
| " af Alptanesi og Hafnarfirði | — | " 475.26 ~~423.98~~ 430.46 |
| " Seltjarnarnesi | — — | " 107.15 |
| " Kjalarnesi | — — | " ~~8.45~~ 15.89 |
| Kjós | — — | " ~~51.28~~ 39.95 |
| " Reykjavík | — — | " ~~471.95~~ 464.51 |
| " Vogum | — — | " 17.85 |
| | | 1484.16 |

| | | |
|---|---|---|
| Grindavík | — | Kr 100.00 |
| Miðnes | — | " 97.37 |
| Garður og Leira | — | " 163.93 + 8.02 |
| Vogar | — | " 17.85 |
| Njarðvíkur | — | " 42.70 |
| Alptanes og Hafnarfjörður | | " ~~430.46~~ 431.91. |
| Mosfellssveit | — | " 4.85 |
| Kjós | — — | " ~~39.95~~ 38.50 |
| Kjalarnes | — — | " 15.89 |
| Seltjarnarnes | — — | " 107.15 |
| Reykjavík | — — | " ~~464.51~~ 461.90 |
| | | 1484.66 |

10  17.85  + 8.02

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur í dag afhent mjer styrk úr sjóði ekkna og barna drukknaðra sjómanna í Kjalarnesþingi að upphæð 35 – þrjátíu og fimm – Krónur. Þetta viðurkennist hjer með.

Miðholti í Reykjavík 18 desemb 1888

Ragnheiður Sigurðardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úr fátækramannasjóði Kjalarneshrepps hef jeg meðtekið 30 kr. styrk, er mjer hefur verið veittur fyrir þetta ár.

Reykjavík 20. desember 1888.

Jórunn Einarsdóttir

(handsalað)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sem væntanlegan styrk af fiskimannasjóði
Kjalarnesþings hefir bæjarfógetinn í Reykjavík
greitt mjer 10 kr. fyrir árið 1888.

Reykjavík, 7. nóvember 1887.

Elizabeth Sæmundsdóttir
(handsalað)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Uppá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Poz 48.

Reikníngur til Kjalarnesþings=fiskisjóðs við herra Bæjarfógetann.

| 1886 | Debet | Kr | Aur |
|---|---|---|---|
| Marts 10 | Í Þjóðólfi Suðra auglýsing reiðnínga= = 54 línur á 8/ . . | 4. | 32. |

Reykjavík 27 Marts 1886.

~~borgað~~ Einar Þórðarson

Borgað

Einar Þórðarson

herra Bæjarfógetinn
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fiskimannasjóðr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hb.

bls. ..............

# Reikningur

til

Herra Bæjarfóg. í Rvík

Reykjavík 21/2 1887

| Gjalddagi | | | Skuld | |
|---|---|---|---|---|
| ár | dag | | kr. | a. |
| 1887 | 9. febr. | Augl. í Ísaf. XIV 7: reikningum fiskimanna-sjóðsins $3\frac{3}{4}$" á 100 | 3 | 75 |

Björn Jónsson

Borgað

Björn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úr fiskimannasjóði Kjalarnesþings hef jeg meðtekið styrk að upphæð 40kr., sem mjer hefur verið veittur fyrir yfirstandandi ár

Reykjavík 20. december 1888

Kristín Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bæjarfógetinn í Reykjavík, hefur ídag afhent mjer 15 — fimmtán — krónur úr fiskimanna-sjóði Kjalarnessþings sem styrk fyrir þetta ár. —

Reykjavík 31 desember 1888.

Guðlaug Jónsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd ekkjunnar Guðríðar Einarsdóttur frá Kothúsum í Garði hefi jeg hjá herra bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni veitt móttöku 10 krónum sem styrk er henni er veittur af fiskimannasjóðnum fyrir þetta ár

Reykjavík 18. desember 1888

Árni Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógeti Halldór Daníelsson hefur í dag greitt mjer 10 Kr., er mjer eru veittar sem styrkur þetta ár af sjóði ekkna og barna drukknaðra sjómanna í Kjalarnesþingi.

Reykjavík 18. des. 1888.

Elisabet Sæmundardóttir
(hands.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að bæjarfógetinn í Reykjavík hafi afhent mjer styrk úr sjóði ekkna og barna drukknaðra sjómanna í Kjalarnesþingi að upphæð 15 – fimmtán – krónur, það vottast hjer með

Reykjavík 18. desember 1888

Sigrún Guðlaugsdóttir

(handsalað)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur í dag greitt mjer úr sjóði ekkna og barna drukknaðra sjómanna í Kjalarnesþingi 30 – þrjátíu – Krón

Þetta vottast hjer með

Reykjavík 18. desember 1888

Guðrún Sigfúsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógeti Halldór Daníelsson hefur
í dag greitt mjer styrk úr Sjúkramannasjóðs
Kjalarnesþings, 10 kr., sem mjer er veittur
fyrir þ. á.

Reykjavík 19. des. 1888.

Guðrún Gunnlögsdótter
í Handsalað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd dóttur minnar Guðbjargar
Bjarnadóttur hef jeg hjá bæjarfógetanum
í Reykjavík meðtekið 15 Kr., er henni
hefur verið veitt úr fiskimannasjóði
Kjalarnesþings fyrir yfirstandandi ár

Reykjavík 22. desember 1888

Bjarni Oddsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úr styrktarsjóði ekkna og barna drukknaðra sjómanna í Kjalarnesþingi hefur bæjarfógetinn í Reykjavík í dag afhent mjer 40 kr – Fjörutíu – krónur, sem hjer með veitist kvittun fyrir

Gíslaholti í Reykjavík 19. dec. 1888

Ranveig Jónsdóttir
(handsalað)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð viðurkenni jeg, að bæjarfógeti Halldór Daníelsson hefur í dag greitt mjer 15 kr. sem er styrkur er jeg hef fengið úr fiskimannasjóði Kjalarnesþings þ. á.

Reykjavík 19. desember 1888.

Anna Eiríksdóttir

(handsalað H. Sveinsson)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentun leyst af hendi fljótt og vel, á smáu og stóru.

Reykjavík 2. marz 1888

# REIKNINGUR

til hr. Fiskimannasjóðsins

Bóka- og pappírs verzlun. Bókband.

Hb. .... bls. 32

FRÁ ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU (AUSTURSTRÆTI 8.)

| 1888 | | | SKULD. Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| Marz | 2. | Sérprentað úr Ísafold XV. 10: „Fiskimannasjóðurinn", 1/4 örk, uppl. 200, með pappír | 2 | 50 |
| | | Kr. | 2 | 50 |

Björn Jónsson

Borgað
Björn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentun leyst af hendi fljótt og vel, á smáu og stóru.

Reykjavík 29. febr. 1888

# REIKNINGUR

til hr. fiskimannasjóðsins

Bóka- og pappírsverzlun. Bókband.

Hb. ..... bls. 32 FRÁ ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU (AUSTURSTRÆTI 8.) SKULD.

| 1888 | | | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| Febr. | 29. | Prentað undirskriftalista-skjal um samskot til sjóðsins (6 málsfiska) upplag 200, með pappír | 3 | 60 |

Björn Jónsson

Borgað
Björn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

☞ Auglýsingar í Ísafold kosta: í samfelldu máli með smáletri 2 a. (þakkarávörp 3 a.) hvert orð 15 stafa frekast; með öðru letri eða setning 1 kr. fyrir hvern þumlung dálkslengdar.

Hb. E
bls. 38

**Fyrir auglýsingar í Ísafold**
skuldar

herra bæjarfógetinn í Reykjavík fyrir hönd Sóknarnefndar

Reykjavík 6. júní 1888

| 1888 | Efni. | Árg. og nr. | Þuml. | Orð | á aura. | Kr. | a. |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Júní 6. | Áskorun um tillaga-skýrslu | XV. 26 | $1\frac{3}{4}$ | – | 100 | 1 | 75 |

Björn Jónsson

Borgað
Björn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

☞ Auglýsingar í Ísafold kosta: í samfelldu máli með smáletri 2 a. (þakkarávörp 3 a.) hvert orð 15 stafa frekast; með öðru letri eða setning 1 kr. fyrir hvern þumlung dálkslengdar.

Hb. E
bls. 38

**Fyrir auglýsingar í Ísafold**
skuldar
herra *bæjarfógetinn í Reykjavík*

Reykjavík *20/6* 188*8*

| *1888* | Efni. | Árg. og nr. | Þuml. | Orð | á aura. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *júní 13* | *Áskorun um að leggja tillag í fiski, er styrktarsjóðum ekkna og barna drukknaðra fiskimanna á í vörslum hjá W. Fischer í Rvík* | *XV. 27* | *1* | *–* | *100* | *1* | *00* |
| | | | | | | *1* | *00* |

*Björn Jónsson*

*Borgað*
*Björn Jónsson*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

☞ Auglýsingar í Ísafold kosta: í samfelldu máli með smáletri 2 a. (þakkarávörp 3 a.) hvert orð 15 stafa frekast; með öðru letri eða setning 1 kr. fyrir hvern þumlung dálkslengdar.

Hb.

bls. ..........

# Fyrir auglýsingar í Ísafold

skuldar

herra bæjarfógetinum í Reykjavík

Reykjavík 4/1 1888

| 1888 | Efni. | Árg. og nr. | Þuml. | Orð | á aura. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jan. 4. | Fiskimannasjóðsreikningur 1887 | XV. 1. | 3½ | – | 100 | 3 | 50 |

Björnsson

Borgað

Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentun leyst af hendi fljótt og vel, á smáu og stóru.

Reykjavík 23. febr. 1888

# REIKNINGUR

til Fiskimannasjóðsins

Bóka- og pappírs verzlun. Bókband.

Hb. ..... bls. 31

FRÁ ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU (AUSTURSTRÆTI 8.)

SKULD.

| 1888 | | | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| Febr. | 23. | Sérprentuð úr Ísafold XV. 9 Samskota-áskorun, með áskrifendalista, á 3 blt. af 1/2 örk Median, upplag 210 (með bókarafhaengt) | 5 | 00 |
| | | Pappír í þetta: 4 1/5 bók af sterk. um median á 45 | 1 | 89 |
| | | Kr. | 6 | 89 |

Björn Jónsson

Borgað
Björn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/4 85 borgað fyrir auglýsing
á reikningi 1883. í Ísaf. 3.00

D. D. fyrir auglýsing í Suðra 5.36
á reikning 1884 og lista
yfir samskot til fiski
mannasjóðsins 1884.

8.36

Rvík 4/4 1885

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1822

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 99

Herra Sveinn Þorsteinsson Gertuni

til Ekknasjóðs drukknaðra sjómanna

hefur innlagt til verzlunar W. FISCHER[s]

i ~~Kéflavik~~: Reykjavik

| | | | |
|---|---|---|---|
| — Sk℔ | 282 ℔ | af saltfiski Nr. 1. | |
| — „ | 14 „ | „ do. „ 2. | |
| „ | „ | „ saltþyrsklingi. | |
| „ | „ | „ saltýsu. | |
| „ | „ | „ harðfiski. | |
| „ | „ | „ sundmögum. | |
| tunn. | kt. | pt. af hrálýsi. | |
| „ | „ | „ „ soðnu lýsi. | |
| „ | „ | skf. „ saltaðri gotu. | |
| | | ℔ „ hv. ull. | |
| | | „ „ misl. ull. | |

Kéflavik þ. 30 dag Agust mán. 1888

G. Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1914.6 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

207

Eptirrit

Ár 1888 dag 10. april áttu undirskrifaðir fund með sjer að Garðhúsum, til þess að ráðgast um, hvernig áskorun forstöðunefndar Fiskimannasjóðs Gullbringu og Kjósarsýslu gæti fengið, sem beztar og hagfeldastar undirtektir, og hvernig Grindavíkurhreppur gæti, sem hagantlegast greitt það tillag, sem fengist gæti

Voru menn samhuga um, að gefa til sjóðsins í þetta skipti ákveðið gjald af hlut, en sökum þess að saltskortur og örðugar peningaútvegur, mundu draga úr tillögum manna, fannst undirskrifuðum hagantlegra, að tillag þetta verði greitt með innskripti í krónutali hjá vissum kaupmanni, og áríðanda sýslumanns eða gjaldkera fiskimanna sjóðsins, á komandi sumarkauptíð

Samþykktu þannig undirskrifaðir að gefa 75 aura af hverjum hlut, þessa yfirstandandi vetrarvertíð og 75 aura af hverjum hlut komandi vorvertíð, og fólu á hendur þessum mönnum Sr. O. V. Gíslasyni, Agr. E. Jónssyni, Herra Hermanni Jónssyni og Herra Hafliða Magnússyni að safna áskrifendum að sama loforði.

Var sjera O. V. Gíslasyni falið að skrifa sýslumanni A. Gíslasyni í Krýsivík. og biðja hann gangast fyrir sömu tillögum þaðan

Garðhúsum D. u. s.

O. V. Gíslason Einar Jónsson
Jón Guðmundsson Hermann Jónsson
Tómás Guðmundsson Sæm: Jónsson
Olafur Björnsson Magnús Magnússon

J. S.

Iad Skj: 47/89.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nöfn og stett gefenda | Heimili | Hlutatala | Gjafir samtals Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|---|
| O. V. Gíslason prestur | Staður | 12 + 6 | 13 | 50 |
| Margrét Jónsdóttir ekkja | Staðargerði | 7 + 3 | 8 | " |
| Jón Jónsson bóndi | Hraðdal | 2 + 1 | 2 | 25 |
| Sigurður Hafliðason lausam. | Móakoti | 1 — | 2 | " |
| Ólafur Björnsson — do. | Staðargerði | 1 + 1 | 3 | " |
| Jón Jónsson tómthúsm. | Móakoti | 1 + 1 | 1 | 50 |
| Ingvar Hólmsteinsson do. | Bergskoti | 1 + 1 | 2 | " |
| Jón Sveinbjörnsson bóndi | Húsatóptum | 1 + 1 | 2 | " |
| Einar Jónsson hreppstjóri | Garðhúsum | 16 + 5 | 15 | 75 |
| Tómás Guðmundsson ~~Járngerð.~~ bóndi | Járngerðarstöðum | 1½ + 3 | 3 | 50 |
| Sæmundur Jónsson bóndi | — d. do. | 8 + 3 | 9 | 35 |
| Jón Guðmundsson — do. | Hópi | 4 + 1 | 3 | 75 |
| Hermann Jónsson — do. | Buðlungu | 5 + 4 | 7 | 75 |
| Guðmundur Jónsson do. | Klöpp | 5 + 3 | 6 | " |
| Hafliði Magnússon do. | Hrauni | 8 + 3 | 9 | 35 |
| Jón Þórðarson — do. | Þórkötlustöðum | 2 + 2 | 3 | " |
| Oddur Jónsson tómthúsm. | Rafnshúsum | 1 + 1 | 1 | 50 |
| Eyjólfur Oddsson tómthúsm. | Gjáhúsum | 1 + 1 | 1 | 50 |
| Guðm. Guðmundsson bóndi | — d. do. | 1 + 1 | 1 | 50 |
| Magnús Magnússon Eksta do. | Ekruhúsum | 4 + 3 | 5 | 25 |
| Jón Jónsson — do. | Rafnshúsum | 1 + 1 | 1 | 50 |
| Árni Jónsson tómthúsm. | Garðhúsum | 1 + 1 | 1 | 50 |
| Þorst. Þorkelsson do. | — do. — | 1 + 1 | 1 | 50 |
| Guðjón Jónsson vinnum. | Húsatóptum | " — " | 2. | " |
| NB. Árni Gíslason f. sýslum. | Krýsuvík | lagði ekkert fram | | |
| | | | 108 | 95 |

Sem áritað með 100 Kr. ofantalt
við verzlun Herra W. Fischers í Keflavík

Rjett eptirrit vitnar
Stað 31. desember 1888
O. V. Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal No 1.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svar. 27/12. 88.

Stafnesi. þ. 5. Desember. 1888.

Velæruverðugi.

Herra. sjera. Hallgrímur. Sveinsson.

Reikjavík.

Samkvæmt skriflegri beiðni Jðar. um tilhlutun mína. til tillag fiskimanna sjóðsins frá þessum hreppi. næstliðna vetrar vertíð. þann eg eini hvött hjá mjer til að framfilgja þessi nauðsinlega málefni með hvetjandi tillögum við nábúa mína. eg legg hjer með lista frá Factor H. J. Bartels. Keflavík er sínir hvað þar er inn komið. bað eg Herra H. J. Bartels að borga andvirðis upphæð þess út með peningum hvenær er krafist verður af forstöðumönnum samstaka sjóðs þessa,

Páll. Pálsson. Bæarskerjum hefur innlagt á Sandgerðisvík 90 ℔ Saltfisk No. 1. og Jón. Oddsson samast. einnig innlagt 60 ℔. Saltfisk. No. 1. á Sandgerðisvík. dag. 11. ágúst. þ. á. er gekk til V. Fischers verslunar. Reikjavík. sem er tillag til áminsts fiskimanna sjóðs. frá þeirra hendi. –

Þess skal getið. að hjer upp gefin tillög eru frá hálfum þessum hreppi, samkvæmt skriflegri tillögu Jðar til Einars. Sæm. Bjarnasonar

-t, Innkomið sjá lista Guðbr. H. D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Sandgerdi ber honum ad gefa ydur skriflega upplýsingu fyrir hvernig honum hafi áunnist ad safna þessu samskota fje í þeim helming hreppsins er hann átti ad sjá um –

Virdingarfyllst.

Hákon. Eyjólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal No 2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Fylgiskjal No 3.*

*Komið 9/5-88.*

# Áskorun

*um almenn samskot til »styrktarsjóðs handa þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna».*

Það hefir opt verið vakið máls á því í blöðum vorum, hvílík nauðsyn til þess bæri, að öflugur sjóður væri til, sem gæti veitt munaðarlausum ekkjum og börnum sjómanna drjúgan styrk, þegar slysfarir verða við fiskiveiðar, sem því miður er harla títt hjá oss. Ofan á náttúrlega hryggð kvenna og barna við slík voða-atvik bætist optast nær það, að heimilin verða forstöðulaus og konur og börn sjómanna komast sviplega á vonarvöl. Úr þessu mætti að verulegum mun bæta með öflugum styrktarsjóði handa slíkum munaðarleysingjum. Þetta játa allir, sem um málið hugsa; en oflítið er þó að gjört, til þess að hrinda þessu stóra velferðarmáli sjómannastjettarinnar í viðunanlegt horf, og má eigi lengur svo búið standa. Þegar stórkostlegt manntjón verður, eins og borið hefir að höndum hvað eptir annað á hinum síðari árum í veiðistöðvunum við sunnanverðan Faxaflóa, svo sem mönnum hlýtur að vera í vakanda minni, verða að vísu margir til að bæta með fjársamskotum úr hinum bráðustu þörfum munaðarleysingjanna; en auk þess sem það jafnan er undir atvikum komið, hversu vel gengur að ná slíkum samskotum, eigi sízt í erfiðu árferði, þegar fæstir fjelagsmenn eru verulega aflögufærir, þá liggur það í augum uppi, að samskotin eyðast á einu eða 2 árum, en þörfin hjá þiggjendunum eykst optast nær, eptir því sem frá líður, og þá verða engin úrræði önnur en leita á náðir fátækrastjórnarinnar, sem þó áður hefir nógu mörgum þörfum að sinna.

Eins og kunnugt er, er nú til styrktarsjóður, sem hefir það augnamið, að bæta úr þessum vandkvæðum, og hjálpa þeim, sem missa forsorgara sína í sjóinn við fiskiveiðar í Reykjavíkurbæ og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Sjóðurinn var stofnaður með konungsúrsk. 24. júní. 1840, og var fyrsti vísir hans 400 kr., sem voru afgangur af samskotum eptir stóran mannskaða 6. apríl 1830 í Reykjavík og á Seltjarnarnesi; hafði þessi afgangur verið settur á vöxtu, og var 1840 orðinn rúmar 587 kr; nú gaf konungur 200 kr. í viðbót, og staðfesti reglugjörð um sjóðinn og skipaði stjórnarnefnd. Var þar meðal annars kveðið svo á, að sjóðurinn skyldi ávaxtast, unz hann væri orðinn 2000 kr., og mætti eigi fyr veita styrk úr honum; minni mætti höfuðstóllinn aldrei verða, en kostað skyldi kapps um að auka hann sem mest að kostur væri á. Í stjórnarnefndinni skyldu vera: bæjarfógetinn og dómkirkjupresturinn í Rvík, sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu, hjeraðsprófasturinn, einn kosinn maður af bæjarfulltrúum Reykjavíkur, og einn maður útnefndur af amtinu. Þegar stjórnarnefndin tók til starfa 1854, var sjóðurinn orðinn 1356 kr.; sendi hún þá út boðsbrjef til samskota í marz 1855, og varð árangurinn af því hinn ákjósanlegasti, því að á næstu 4 árum komu inn í gjöfum 1792 kr. Var sjóðurinn nú búinn ríflega að ná hinni ákveðnu upphæð, og gat tekið til starfa. Hann veitti 120 kr. styrk í fyrsta sinni 1858 3 ekkjum og fátækum manni, sem misst hafði bát sinn. Þá liðu svo 4 ár, að enginn styrkur var veittur, en frá 1863 hefir hann árlega veitt verulegan styrk, optast nálægt 200kr. á ári, en 6 fyrstu árin nokkuð minna. Frá 1863 og til þessa tíma hafa sjóðnum bæzt þessar gjafir: 1864 595 kr.; 1872 27 kr.; 1873 98 kr.; 1877 12 kr.; 1884 126 kr.; 1885 152 kr. og 1887 10 kr. Alls hefir sjóðurinn þannig fengið í samskotum og gjöfum hin síðustu 33 ár (1855—1887), *2,792 kr.*, og er *höfuðstóllinn nú orðinn 5,711 kr.* — Af sjóðnum hefir þessi styrkur verið veittur síðan 1858:

| | |
|---|---|
| 49 ekkjur hafa fengið samtals | 3,705 kr. |
| 9 föðurlaus börn samtals . . | 560 — |
| 1 fátækur sjómaður til að kaupa bát . . . . . . . . | 60 — |
| Styrkur veittur samtals | 4,325 kr. |

Af þessu yfirliti yfir viðgang sjóðsins og störf hans til þessa tíma má margt læra. Fyrst það, að sje vel haldið á, má mikið gagn verða að litlum vísi; í annan stað, að þegar áhugi manna er rækilega vakinn, er alls eigi ókleyft að ná saman ríflegum tillögum (svo sem 1855—58); í þriðja lagi, að mönnum hættir við, að lina of fljótt á sprettinum, þótt vel sje af stað farið, því að eptir nokkur feit samskotaár hafa komið helzt til mörg mögur ár, þegar sjóðnum hefir verið gefinn langtum minni gaumur en skyldi; og í fjórða lagi, að þrátt fyrir sitt hægt vaxandi bolmagn hefir sjóðurinn *gjört stórmikið gagn, og veitt þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna talsvert á fimmta þúsund króna í styrk.* Hversu auðvelt hefði þó eigi verið að gera sjóðinn helmingi stærri og helmingi hjálpardrýgri, hefði áhugi manna á viðgangi hans aldrei dofnað á þessum liðnu 30 árum? Og hvílík blessun mundi hafa stafað af meiri áhuga í þessu efni fyrir fátæka munaðarleysingja drukknaðra sjómanna? — Hjálpar-skamtarnir úr sjóðnum hafa optast verið 8—12 á ári, og þó eigi verið unnt að gera úrlausn öllum þeim hjálparþurfandi ekkjum, sem styrks hafa óskað. En hefði tvöfalt meira fje verið fyrir hendi, eða 400—500 kr. árlega, þá hefði hjálpin bæði getað náð til fleiri og betur munað um hana hjá hverjum einstökum.

Þessi þarflegi sjóður er nú til, og hefir náð talsverðri upphæð, en hann þarf nauðsynlega enn að *aukast að drjúgum mun*, bæði með gjöfum einstakra megandi manna, sem styrkja vilja gott málefni, og ekki sízt *með almennum, smáum, en stöðugum tillögum frá sjómönnunum* í þessu hjeraði, sem eiga að njóta styrks af sjóðnum fyrir þurfandi ekkjur sínar og börn, ef þeirra skyldi missa við. Minnumst þá þess, að hægra er að styðja en reisa, og dugum sem bezt þessu mikilsverða velferðarmáli. Sýnið nú góð samtök og ötula framkvæmdarsemi. Þjer sjómenn, sem svo opt hljótið að leggja á tvær hættur við stundun atvinnu yðar, leggið fram hver sinn skerf, svo að þjer getið að minnsta kosti haft þá von, að ekkjur yðar og börn verði eigi hjálparlaus eptir, ef svo sorglega skyldi atvikast, að þjer yrðuð burtkallaðir á sjónum. Og þjer, sem eigi búizt við að þurfa styrks af sjóðnum fyrir náunga yðar, látið yður vera það ánægju að styrkja gott fyrirtæki, sem miðar fjelagsbræðrum yðar til mikilvægra hagsbóta, og hugsið um, hvernig ekkjur og munaðarleysingjar muni blessa þá menn, sem, með því að styrkja sjóðinn, veita þeim hjálp og huggun í þungum raunum þeirra!

Það væri æskilegast, að *föst samtök kæmust á í öllum veiðistöðum á því svæði, sem sjóðurinn nær til, þegar í vetur,* áður en vertíð byrjar, um það, að af *hverju skipi* eða bát, sem róið er til fiskjar, og af hverju þilskipi, sem stundar fiskiveiðar, *verði lagður árlega fram lítill skerfur til sjóðsins.* Mundi það vera hagfeldast, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af hverjum hlut væru gefnir fáeinir fiskar, sem formaður sæi um innheimtu á, og afhenti síðan þeim manni, eða þeim mönnum, sem í hverri veiðistöðu tækju að sjer að safna tillögunum fyrir sjóðinn og koma þeim í peninga. Þetta þarf engan verulega að muna um, en sjóðnum verður það stórmikill styrkur. Frá Seltjarnarnesi einu hafa 1884 og 1885 komið í fríviljugum gjöfum rúm 200 kr.; hversu mikið gæti þá safnazt með almennum tillögum úr öllum veiðistöðunum? Setjum svo, að hin árlegu tillög yrðu 1000—1500 kr., sem er alls eigi há áætlun, og að helmingur væri lagður við höfuðstól, en helmingnum útbýtt með hinum árlegu vöxtum sjóðsins, þá jykist höfuðstóllinn drjúgum, og hinir árlegu styrkskamtar gætu þó orðið bæði allmargir og verulegir; mundi þá sjóðurinn og þola að verja jafnvel tvöfaldri upphæð til styrkveitinga þau ár, sem stórslys bæri að höndum, og mætti þá kalla, að munaðarleysingjum drukknaðra sjómanna væri allvel borgið í þessu hjeraði.

Fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, sem hefir gefið okkur undirskrifuðum umboð í þessu efni, skorum við því fastlega á alla góða menn fjær og nær, en einkum á sjómenn, er stunda fiskiveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ, að þeir góðfúslega styrki sjóðinn nú þegar á þessu ári og framvegis, sumpart með gjöfum, sumpart með föstum tillögum af aflanum á þann hátt, sem vikið er á hjer að framan, og treystum við því fullkomlega, að við munum njóta við öflugs liðsinnis margra góðra málsmetandi manna í hverju byggðarlagi, til þess að hvetja hver sína fjelagsmenn, koma á samtökum og föstum fjelagsskap, sjá um, að heitin samskot sjeu greidd, og koma þeim á hagfeldan hátt í peninga; efumst við ekki um, að kaupmenn vorir muni og verða þessu máli vel sinnandi, meðal annars með því, að taka á móti vörum eða innskriptum til sjóðsins, og borga síðan upphæðina til gjaldkerans, em er bæjarfógetinn í Reykjavík. Bæði hann og sýslumaðurinn veita og móttöku þeim peningagjöfum, sem menn kynnu að vilja styrkja sjóðinn með.

Árangurinn af þessari áskorun mun á sínum tíma verða auglýstur í blöðunum, að tilhlutun stjórnarnefndarinnar.

Reykjavík, 16. febr. 1888.

**Hallgrímur Sveinsson. Halldór Daníelsson.**

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| Hákon Eyjólfsson bóndi | Stafnesi | — | Kr. 20. aurar |
| Eyvindur Hákonarson | — | Afhent H. Eyjólfssyni | — 1 — |
| Erlendur Hákonarson | — | — | — 1 — |
| Erlendur Oddsson | — | — | — 1 — |
| Guðrún Eyvindardóttir | — | — | — 1. — |
| Samúel Símonarson | | — | — 0. 50 |
| Eiríkur Árnason bóndi | Litlibær | — | 3 málsfiska. |
| Jón Jónsson bóndi | Glaumbær | — | 25 málsfiska |
| Bóndi Þorst. Þorsteinsson | — | — | 3 — do — |
| Bóndi Þorkell Þorsteinsson | Hólakoti | — | Kr. 2. |
| Jóhann Þorkelsson sjóm. | Glaumbær | — | 2 málsfiska |
| Stefán Jónsson. | Glaumbær. | — | Kr 1— |
| Guðmundur Guðmundsson sjóm. | — | — | 2 málsfiska |
| Daði Jónsson bóndi. | Hvalsnes. | — | 9 — do — |
| Tómas Eyjólfsson bóndi | Gerðakot | Afhent Tómasi Eyjólfssyni Gerðakoti | 12 — do — |
| Árni Eiríksson bóndi | Landlyst | | 6 — do — |
| Sigurhans Ólafsson sjóm. | Gerðakoti | | 3 — do — |
| Jón Brynjólfsson sjóm. | s. st. — | | 3 — do — |
| Jón Hafransson sjóm. | s. st. — | | 3 — do — |
| Einar Jónsson sjóm. | s. st. | | 4 — do — |
| Helgi Eyjólfsson bóndi | Moshús. | | 3 — do — |
| Andrjes Þorsteinsson bóndi | Smiðshús | | 3 — do — |
| Gísli Jónsson sjómaður | Gerðakoti | | 3 — |
| | | Samt | 84 fiska og 27 Kr. 50 au. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|---|
| | | Flutt | 84 | Málsfiskar 27 Kr. 50 aur. |
| Hákon Tómasson bóndi | Nýlenda | Afhent Hákoni Tómassyni Nýlendu | 15 | do |
| Guðmundur Jónsson bóndi | Bjórn | | 3 | do |
| Þórður Sturlaugsson lausam. | s. st. | | 3 | do |
| Gísli Einarsson sjómaður | Nýlenda | | 3 | do |
| Kristófer Einarsson sjóm. | s. st. | | 3 | do |
| Eyvindur Eyvindarson sjóm. | s. st. | | 3 | do |
| Magnús Jónsson sjóm. | s. st. | | 4 | do |
| Jón Gíslason vinnum. | s. st. | | 4 | do |
| Guðni Jónsson sjóm. | s. st. | | 3 | do |
| Guðmundur Lafranzson bóndi | Nesjar | Afhent Guðmundi Lafranzsyni í Nesjum | 10 | do |
| Sveinb. Sveinsson sjóm. | s. st. | | 2 | do |
| Jón Egilsson sjóm. | s. st. | | 2 | do |
| Guðm. Guðmundsson sjóm. | s. st. | | 2 | do |
| Þorleifur Þorleifsson sjóm. | s. st. | | 2 | do |
| Jón Þorvarðsson | s. st. | | 1 | do |
| Jón Steingrímsson vinnum. | s. st. | | 1 | do |
| Steingrímur Jónsson bóndi | s. st. | | 9 | do |
| Jón Jónsson bóndi | Másbúðir | | 2 | do |
| Einar Lafranzson bóndi | Hvalsnes | Afhent Hákoni Tómassyni Nýlendu. | 10 | do |
| Sveinn Guðbrandsson sjóm. | Nýlenda | | 3 | do |
| Einar Einarsson bóndi | Hlið | | 3 | do |
| Ólafur Jónsson bóndi | Þórukot | Afhent M. J. Bergmann Keflavík | 12 | do |
| Jón Þorsteinsson bóndi | Norðurkot | | 12 | do |
| Jón Magnússon bóndi | Kroppskot | | 8 | do |
| Gísli Helgason bóndi | Hamrakot | | 3 | do |
| Sigurlaugur Benónýsson | Nýhús | | 3 | do |
| Magnús J. Bergmann kaupm. | Keflavík | | ×24 | do |
| Jón Oddsson bóndi | Bæjarsker | af 14 hlutum | ×30 | do |
| Páll Pálsson bóndi | samast | 14 afhent Páli Pálssyni Bæjarskerjum. | ×42 | do |

Samtals = 306. Málsfiskar. Kr. 27,50.

5/6. 88. Afhenti Hákon Eyjólfsson í peningum 27 Kr. 50 a.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentsmiðja Ísafoldar 1888.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fiskemannasjóðm (Miðneshrepp)

Inn C.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 28/7. | Hákon - Nýlendu | 130 ᵗ Saltfisk | - | 54 Sy |
| 11/8. | G. Lafransson | 64 ᵗ do | | 33 Sy |
| | M. Bergmann | 150 ᵗ do | | 62 |
| | Tómas - Gerðakoti | 88 ᵗ do | | 40 Sy |
| | Jon í Glaumba | 62 ᵗ do | | 32 Sy |
| | Hákon - Stafnen | 23 ᵗ do | | 12 |
| | Pall Vallarhusum | 6 ᵗ do | | |
| | | 523 = Kr. 55.57 | | |

Keflavik 15/11 - 88

p. H. J. Bartels

O. Peters

203

~~2~~

320 = 3400

200

522

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fylgiskjal No 4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svar. 27/12 88.

Útskálum 22. desbr 1888

Herra dómkirkjuprestur H. Sveinsson
hátvirti stjettarbróðir!

Það er sannarlega meira en kominn tími til að gjöra grein fyrir því, hvað mjer hafi á-gengt orðið að safna samskotum til „styrktarsjóðsins handa þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna", en jeg hef ekki getað það fyrri, því treglega hefur gengið að fá skil fyrir hinum lofuðu sam-skotum, og sum eru enn þá ógreidd.

Jeg sendi yður nú samskotalistana, sem gengið hafa frá mjer manna á milli, og skal fara nokkrum orðum um hvern fyrir sig. Listarnir eru merktir No 1 – 4.

No 1. Fiskur sá er þar er tilgreindur er lagður inn í Fischers verzlun í Reykja-vík. Peningarnir 4 krónur ávísast hjá bónda gjaldkera Halldóri Jónssyni í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 2 Fiskur sá er þar er tilgreindur vóg 1½ Skpd og ætlast Einar bóndi í Vörum, sem safnaði á þann listann, til þess, að hann borgist út við Thomsens verslun á með fylgjandi ávísun frá Hákoni á Stafnesi. Af hinum lofuðu peningum eru 3 kr. enn ógreiddar; en 10 kr. ávísast hjá gjaldkera Halldóri. -
No 3-4. Fiskur sá sem á þessum listum er tilgreindur vóg samtals 1 Skpd 6 Lpd 12 ℔ og hef jeg gjört ráðstöfun til þess, að and-virði hans verði lagt inn í reikning styrktarsjóðsins við verslun Jóns. O. V. Jónssonar kaupmanns í Reykjavík. Reikna jeg fiskinn til 40 kr. verði, og verður þessi upphæð því 53 kr 50 aurar. En peningasamskotin á þessum lista 9 kr borgast eins og hin peningasamskot-in. - Ávísunin uppá Halldór gjaldkera

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leggst hjer með, svo og viktarsedill Fischers verzlunar og ávísunin uppá Thomsens verzlun.-

Þeir sem eptir eiga óborgað til sjóðsins skulu verða áminntir um að borga, hvern árangur sem það kann að hafa.

Jeg finn til þess, hversu allt af lítið mjer hefur orðið ágengt í þessu efni, og hve seint mjer hefur gengið, og vona að öllum öðrum safnendum hafi gengið betur og fljótar, enda mun jeg vegna annríkis míns eiga flestum hjer syðra örðugra með, að verja miklum tíma til slíkra aukastarfa, svo sem margra innkröfu-ferða.

Það eru annars fullkomin vandræði að ná hjer saman hjá almenningi nokkru fje til nokkurs hlutar; það er hvorttveggja að menn eru kærulausir og tregir, enda er viðskiptalíf manna herfilega fjötrað, af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að peningar eru nærfellt útiloraðir út úr viðskiptum almennings. Að eitt hvað greiðist úr þessu er lífsnauðsyn, sem verður með ári hverju bersýnilegri. –

Hjer hefur verið góður afli en að öðru leyti er tíðindalaust.

Kveð jeg yður svo virðingarfyllst og óska yður gleðilegra jóla, og góðs hins nýja árs.

Yðar einl. með sannri virðingu

Jón Halldórsson

Fylgiskjal No 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 1

Fylgiskjal no 6.

# Áskorun

*um almenn samskot til »styrktarsjóðs handa þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna».*

---

Það hefir opt verið vakið máls á því í blöðum vorum, hvílík nauðsyn til þess bæri, að öflugur sjóður væri til, sem gæti veitt munaðarlausum ekkjum og börnum sjómanna drjúgan styrk, þegar slysfarir verða við fiskiveiðar, sem því miður er harla títt hjá oss. Ofan á náttúrlega hryggð kvenna og barna við slík voða-atvik bætist optast nær það, að heimilin verða forstöðulaus og konur og börn sjómanna komast sviplega á vonarvöl. Úr þessu mætti að verulegum mun bæta með öflugum styrktarsjóði handa slíkum munaðarleysingjum. Þetta játa allir, sem um málið hugsa; en oflítið er þó að gjört, til þess að hrinda þessu stóra velferðarmáli sjómannastjettarinnar í viðunanlegt horf, og má eigi lengur svo búið standa. Þegar stórkostlegt manntjón verður, eins og borið hefir að höndum hvað eptir annað á hinum síðari árum í veiðistöðvunum við sunnanverðan Faxaflóa, svo sem mönnum hlýtur að vera í vakanda minni, verða að vísu margir til að bæta með fjársamskotum úr hinum bráðustu þörfum munaðarleysingjanna; en auk þess sem það jafnan er undir atvikum komið, hversu vel gengur að ná slíkum samskotum, eigi sízt í erfiðu árferði, þegar fæstir fjelagsmenn eru verulega aflögufærir, þá liggur það í augum uppi, að samskotin eyðast á einu eða 2 árum, en þörfin hjá þiggjendunum eykst optast nær, eptir því sem frá líður, og þá verða engin úrræði önnur en leita á náðir fátækrastjórnarinnar, sem þó áður hefir nógu mörgum þörfum að sinna.

Eins og kunnugt er, er nú til styrktarsjóður, sem hefir það augnamið, að bæta úr þessum vandkvæðum, og hjálpa þeim, sem missa forsorgara sína í sjóinn við fiskiveiðar í Reykjavíkurbæ og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Sjóðurinn var stofnaður með konungsúrsk. 24. júní 1840, og var fyrsti vísir hans 400 kr., sem voru afgangur af samskotum eptir stóran mannskaða 6. apríl 1830 í Reykjavík og á Seltjarnarnesi; hafði þessi afgangur verið settur á vöxtu, og var 1840 orðinn rúmar 587 kr; nú gaf konungur 200 kr. í viðbót, og staðfesti reglugjörð um sjóðinn og skipaði stjórnarnefnd. Var þar meðal annars kveðið svo á, að sjóðurinn skyldi ávaxtast, unz hann væri orðinn 2000 kr., og mætti eigi fyr veita styrk úr honum; minni mætti höfuðstóllinn aldrei verða, en kostað skyldi kapps um að auka hann sem mest að kostur væri á. Í stjórnarnefndinni skyldu vera: bæjarfógetinn og dómkirkjupresturinn í Rvík, sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu, hjeraðsprófasturinn, einn kosinn maður af bæjarfulltrúum Reykjavíkur, og einn maður útnefndur af amtinu. Þegar stjórnarnefndin tók til starfa 1854, var sjóðurinn orðinn 1356 kr.; sendi hún þá út boðsbrjef til samskota í marz 1855, og varð árangurinn af því hinn ákjósanlegasti, því að á næstu 4 árum komu inn í gjöfum 1792 kr. Var sjóðurinn nú búinn ríflega að ná hinni ákveðnu upphæð, og gat tekið til starfa. Hann veitti 120 kr. styrk í fyrsta sinni 1858 3 ekkjum og fátækum manni, sem misst hafði bát sinn. Þá liðu svo 4 ár, að enginn styrkur var veittur, en frá 1863 hefir hann árlega veitt verulegan styrk, optast nálægt 200kr. á ári, en 6 fyrstu árin nokkuð minna. Frá 1863 og til þessa tíma hafa sjóðnum bæzt þessar gjafir: 1864 595 kr.; 1872 27 kr.; 1873 98 kr.; 1877 12 kr.; 1884 126 kr.; 1885 152 kr. og 1887 10 kr. Alls hefir sjóðurinn þannig fengið í samskotum og gjöfum hin síðustu 33 ár (1855—1887), *2,792 kr.*, og er *höfuðstóllinn nú orðinn 5,711 kr.* — Af sjóðnum hefir þessi styrkur verið veittur síðan 1858:

| | |
|---|---|
| 49 ekkjur hafa fengið samtals | 3,705 kr. |
| 9 föðurlaus börn samtals . . | 560 — |
| 1 fátækur sjómaður til að kaupa bát . . . . . . . . | 60 — |
| Styrkur veittur samtals | 4,325 kr. |

Af þessu yfirliti yfir viðgang sjóðsins og störf hans til þessa tíma má margt læra. Fyrst það, að sje vel haldið á, má mikið gagn verða að litlum vísi; í annan stað, að þegar áhugi manna er rækilega vakinn, er alls eigi ókleyft að ná saman ríflegum tillögum (svo sem 1855—58); í þriðja lagi, að mönnum hættir við, að lina of fljótt á sprettinum, þótt vel sje af stað farið, því að eptir nokkur feit samskotaár hafa komið helzt til mörg mögur ár, þegar sjóðnum hefir verið gefinn langtum minni gaumur en skyldi; og í fjórða lagi, að þrátt fyrir sitt hægt vaxandi bolmagn hefir sjóðurinn *gjört stórmikið gagn, og veitt þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna talsvert á fimmta þúsund króna í styrk.* Hversu auðvelt hefði þó eigi verið að gera sjóðinn helmingi stærri og helmingi hjálpardrýgri, hefði áhugi manna á viðgangi hans aldrei dofnað á þessum liðnu 30 árum? Og hvílík blessun mundi hafa stafað af meiri áhuga í þessu efni fyrir fátæka munaðarleysingja drukknaðra sjómanna? — Hjálpar-skamtarnir úr sjóðnum hafa optast verið 8—12 á ári, og þó eigi verið unnt að gera úrlausn öllum þeim hjálparþurfandi ekkjum, sem styrks hafa óskað. En hefði tvöfalt meira fje verið fyrir hendi, eða 400—500 kr. árlega, þá hefði hjálpin bæði getað náð til fleiri og betur munað um hana hjá hverjum einstökum.

Þessi þarflegi sjóður er nú til, og hefir náð talsverðri upphæð, en hann þarf nauðsynlega enn að *aukast að drjúgum mun*, bæði með gjöfum einstakra megandi manna, sem styrkja vilja gott málefni, og ekki sizt *með almennum, smáum, en stöðugum tillögum frá sjómönnunum* í þessu hjeraði, sem eiga að njóta styrks af sjóðnum fyrir þurfandi ekkjur sínar og börn, ef þeirra skyldi missa við. Minnumst þá þess, að hægra er að styðja en reisa, og dugum sem bezt þessu mikilsverða velferðarmáli. Sýnið nú góð samtök og ötula framkvæmdarsemi. Þjer sjómenn, sem svo opt hljótið að leggja á tvær hættur við stundun atvinnu yðar, leggið fram hver sinn skerf, svo að þjer getið að minnsta kosti haft þá von, að ekkjur yðar og börn verði eigi hjálparlaus eptir, ef svo sorglega skyldi atvikast, að þjer yrðuð burtkallaðir á sjónum. Og þjer, sem eigi búizt við að þurfa styrks af sjóðnum fyrir náunga yðar, látið yður vera það ánægju að styrkja gott fyrirtæki, sem miðar fjelagsbræðrum yðar til mikilvægra hagsbóta, og hugsið um, hvernig ekkjur og munaðarleysingjar muni blessa þá menn, sem, með því að styrkja sjóðinn, veita þeim hjálp og huggun í þungum raunum þeirra!

Það væri æskilegast, að *föst samtök kæmust á í öllum veiðistöðum á því svæði, sem sjóðurinn nær til, þegar í vetur,* áður en vertíð byrjar, um það, að af *hverju skipi* eða bát, sem róið er til fiskjar, og af hverju þilskipi, sem stundar fiskiveiðar, *verði lagður árlega fram lítill skerfur til sjóðsins.* Mundi það vera hagfeldast, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi þarflegi sjóður er nú til, og hefir náð talsverðri upphæð, en hann þarf nauðsynlega enn að *aukast að drjúgum mun,* bæði með gjöfum einstakra megandi manna, sem styrkja vilja gott málefni, og ekki sízt *með almennum, smáum, en stöðugum tillögum frá sjómönnunum* í þessu hjeraði, sem eiga að njóta styrks af sjóðnum fyrir þurfandi ekkjur sínar og börn, ef þeirra skyldi missa við. Minnumst þá þess, að hægra er að styðja en reisa, og dugum sem bezt þessu mikilsverða velferðarmáli. Sýnið nú góð samtök og ötula framkvæmdarsemi. Þjer sjómenn, sem svo opt hljótið að leggja á tvær hættur við stundun atvinnu yðar, leggið fram hver sinn skerf, svo að þjer getið að minnsta kosti haft þá von, að ekkjur yðar og börn verði eigi hjálparlaus eptir, ef svo sorglega skyldi atvikast, að þjer yrðuð burtkallaðir á sjónum. Og þjer, sem eigi búizt við að þurfa styrks af sjóðnum fyrir náunga yðar, látið yður vera það ánægju að styrkja gott fyrirtæki, sem miðar fjelagsbræðrum yðar til mikilvægra hagsbóta, og hugsið um, hvernig ekkjur og munaðarleysingjar muni blessa þá menn, sem, með því að styrkja sjóðinn, veita þeim hjálp og huggun í þungum raunum þeirra!

Það væri æskilegast, að *föst samtök kæmust á í öllum veiðistöðum á því svæði, sem sjóðurinn nær til, þegar í vetur,* áður en vertíð byrjar, um það, að af *hverju skipi* eða bát, sem róið er til fiskjar, og af hverju þilskipi, sem stundar fiskiveiðar, *verði lagður árlega fram lítill skerfur til sjóðsins.* Mundi það vera hagfeldast, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af hverjum hlut væru gefnir fáeinir fiskar, sem formaður sæi um innheimtu á, og afhenti síðan þeim manni, eða þeim mönnum, sem í hverri veiðistöðu tækju að sjer að safna tillögunum fyrir sjóðinn og koma þeim í peninga. Þetta þarf engan verulega að muna um, en sjóðnum verður það stórmikill styrkur. Frá Seltjarnarnesi einu hafa 1884 og 1885 komið í fríviljugum gjöfum rúm 200 kr.; hversu mikið gæti þá safnazt með almennum tillögum úr öllum veiðistöðunum? Setjum svo, að hin árlegu tillög yrðu 1000—1500 kr., sem er alls eigi há áætlun, og að helmingur væri lagður við höfuðstól, en helmingnum útbýtt með hinum árlegu vöxtum sjóðsins, þá jykist höfuðstóllinn drjúgum, og hinir árlegu styrkskamtar gætu þó orðið bæði allmargir og verulegir; mundi þá sjóðurinn og þola að verja jafnvel tvöfaldri upphæð til styrkveitinga þau ár, sem stórslys bæri að höndum, og mætti þá kalla, að munaðarleysingjum drukknaðra sjómanna væri allvel borgið í þessu hjeraði.

Fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, sem hefir gefið okkur undirskrifuðum umboð í þessu efni, skorum við því fastlega á alla góða menn fjær og nær, en einkum á sjómenn, er stunda fiskiveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ, að þeir góðfúslega styrki sjóðinn nú þegar á þessu ári og framvegis, sumpart með gjöfum, sumpart með föstum tillögum af aflanum á þann hátt, sem vikið er á hjer að framan, og treystum við því fullkomlega, að við munum njóta við öflugs liðsinnis margra góðra málsmetandi manna í hverju byggðarlagi, til þess að hvetja hver sína fjelagsmenn, koma á samtökum og föstum fjelagsskap, sjá um, að heitin samskot sjeu greidd, og koma þeim á hagfeldan hátt í peninga; efumst við ekki um, að kaupmenn vorir muni og verða þessu máli vel sinnandi, meðal annars með því, að taka á móti vörum eða innskriptum til sjóðsins, og borga síðan upphæðina til gjaldkerans, em er bæjarfógetinn í Reykjavík. Bæði hann og sýslumaðurinn veita og móttöku þeim peningagjöfum, sem menn kynnu að vilja styrkja sjóðinn með.

Árangurinn af þessari áskorun mun á sínum tíma verða auglýstur í blöðunum, að tilhlutun stjórnarnefndarinnar.

Reykjavík, 16. febr. 1888.

**Hallgrimur Sveinsson. Halldór Daníelsson.**

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| Jón Jónsson ~~Snússu~~ bóndi | Snússa | | 9 |
| Gottsveinn Gottsveinsson tómthús(maður) | Hesenu | | 5 |
| Magnús Ámundsson lausamaður | Fetjakoti | | 3 |
| Sigurður Sigurðsson bóndi | Vallá | | 5 |
| Hannes Jónsson bóndi | Jörfa | | 5 |
| Bjarni Sigurðsson | Hofi | | 3. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
| --- | --- | --- | --- |
| | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentsmiðja Ísafoldar 1888.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal No. 22.

# Skrá

yfir þá menn er lögðu inn í sjóð ekkna drukknaðra fiskimanna til verzlunar W. Fischers

| | | | | | | | Kr | aurar | Kr | aurar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Júni | 30 | Magnús Lýðsson Bráðræðisborg | 15 " | Saltfisk | No. 1. | | | | | |
| Júli | 7. | Rögnvaldur Teitsson Hól | 51 " | do | " 1. | | | | | |
| | 9. | Gunnar Gunnarsson Hlíðhúsum | 80 " | do | " 1. | | | | | |
| | 13. | Jón Björnsson Ánanaustum | 60 " | do | " 1. | | | | | |
| | | Sigurður Jónsson Byggðarenda | 21 " | do | " 1. | | | | | |
| | 14. | Guðmundur Jónsson Miðhúsum | 40 " | do | " 1. | | | | | |
| | 19. | Steingrímur Jónsson Sölfhól | 112 " | do | " 1. | | | | | |
| | 20 | Gísli Jónsson Nýlendu | 100 " | do | " 1. | N.B. | | | | |
| | 21. | Erlendur Hannesson Melum | 38 " | do | " 1. | | | | | |
| | 25 | Þórður Torfason Vigfúsarkoti | 80 " | do | " 1. | | | | | |
| | 28 | Pjetur Gíslason Ánanaustum | 68 " | do | " 1. | | | | | |
| | 30 | Þórður Árnason Hlíðhúsum | 11 " | do | " 1. | | | | | |
| | 31. | Guðmundur Gíslason Ánanaustum | 93 " | do | " 1. | | | | | |
| | | Páll Pálsson Pálsbæ | 64 " | do | " 1. | | | | | |
| Aug. | 1. | Einar Arason Tóptum | 65 " | do | " 1. | | | | | |
| | | Einar Bjarnason Melum | 35 " | do | " 1. | | | | | |
| | 2. | Jóhann Guðmundsson Hól | 32 " | do | " 1. | | | | | |
| | 4. | Gunnar Gunnarsson Vík | 11 " | do | " 1. | | | | | |
| | 6. | Ámundi Ámundason Hlíðhúsum. | 147 " | do | " 1. | | | | | |
| | | Kristinn Jónsson. Hlíðhúsum | 60 " | do | " 1. | | | | | |
| | | Guðmundur Þorkellsson Pálshúsum | 56 " | do | " 1. | | | | | |
| | 7. | Magnús Finnsson Skuld | 58 " | do | " 1. | | | | | |
| | 8. | Jón Magnússon Hlíðhúsum | 73 " | do | " 1. | | | | | |
| | | Ari Einarsson Tóptum | 80 " | do | " 1. | | | | | |
| | | Jóhannes Sigurðsson Móakoti | 30 " | do | " 1. | | | | | |

Transport = 1480 ℔.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | | Kr | aurar | Kr | aurar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1480 ℔ Transport | | | | | | |
| Aug. 9. | Gunnlögur Pjetursson Oddgeirshól | 50 „ Saltfisk | | № 1. | | | | |
| 10 | Bjarni Sigurðsson Hofi | 70 „ | do | „ 1. | Kjalarnes | | | |
| + | Jón Jóhannesson Nýjabæ | 120 „ | do | „ 1. | Seltjarnarnes | | | |
| 13. | Magnús Vigfússon Miðseli | 75 „ | do | „ 1. | | | | |
| 14. | Arnólfur Arnólfsson Hábæ | 150 „ | do | „ 1. | | | | |
| | Ólafur Björnsson Bakka | 125 „ | do | „ 1. | | | | |
| 16 | Jón Guðmundsson Bakkabæ | 37 „ | do | „ 1. | | | | |
| 17. | Jón Ólafsson Hlíðhúsum | 170 „ | do | „ 1. | | | | |
| 20 | Þórður Pjetursson Oddgeirshól | 80 „ | do | „ 1. | | | | |
| } | Páll Pálsson Bráskerjum | 90 „ | do | „ 1. | } Mýrnes- | | | |
| NB } | Jón Oddsson „ | 60 „ | do | „ 1. | | | | |
| | Arsæll Jónsson Huskuldarkoti | 402 „ | do | „ 1. | Njarðvíkur | | | |
| 22 | Guðmundur Erlendsson Vík | 50 „ | do | „ 1 | | | | |
| | Jón Einarsson Hlíðhúsum | 100 „ | do | „ 1. | | | | |
| | Sigurður Oddgeirsson Oddgeirshól | 25 „ | do | „ 1. | | | | |
| | Gísli Þorkelsson Hólakoti | 18 „ | do | „ 1. | | | | |
| 25 | Guðmundur Ásmundsson Hákoti | 78 „ | do | „ 1. | | | | |
| 28 | Jón Illugason Vík | 50 „ | do | „ 1. | | | | |
| + | Pjetur Sigurðsson Hrólfskála | 112 „ | do | „ 1. | Seltjarnarnes | | | |
| | Jóhannes Olsen Vík | 64 „ | do | „ 1. | | | | |
| Sept. 1. | Jón Einarsson Hlíðhúsum | 6 „ | do | „ 1. | | | | |
| 6. | Sigurður Þórðarson Hlíðhúsum | 72 „ | do | „ 1. | | | | |
| | Sveinn Þorsteinsson Gerðum | 296 „ | do | „ 1. | Garður | | | |
| | | 3780 ℔ = 11 Skpd. 260 ℔ 33/00 | | | | 389 | 81 | |
| | | Ennfremur borgað 1/12 | | | | 11 | 82 | |

Reykjavík 26. September 1888.

Guðbr. Finnbogason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskj. N° 23

# Áskorun

*um almenn samskot til »styrktarsjóðs handa þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna«.*

---

Það hefir opt verið vakið máls á því í blöðum vorum, hvílík nauðsyn til þess bæri, að öflugur sjóður væri til, sem gæti veitt munaðarlausum ekkjum og börnum sjómanna drjúgan styrk, þegar slysfarir verða við fiskiveiðar, sem því miður er harla títt hjá oss. Ofan á náttúrlega hryggð kvenna og barna við slík voða-atvik bætist optast nær það, að heimilin verða forstöðulaus og konur og börn sjómanna komast sviplega á vonarvöl. Úr þessu mætti að verulegum mun bæta með öflugum styrktarsjóði handa slíkum munaðarleysingjum. Þetta játa allir, sem um málið hugsa; en oflítið er þó að gjört, til þess að hrinda þessu stóra velferðarmáli sjómannastjettarinnar í viðunanlegt horf, og má eigi lengur svo búið standa. Þegar stórkostlegt manntjón verður, eins og borið hefir að höndum hvað eptir annað á hinum síðari árum í veiðistöðvunum við sunnanverðan Faxaflóa, svo sem mönnum hlýtur að vera í vakanda minni, verða að vísu margir til að bæta með fjársamskotum úr hinum bráðustu þörfum munaðarleysingjanna; en auk þess sem það jafnan er undir atvikum komið, hversu vel gengur að ná slíkum samskotum, eigi sízt í erfiðu árferði, þegar fæstir fjelagsmenn eru verulega aflögufærir, þá liggur það í augum uppi, að samskotin eyðast á einu eða 2 árum, en þörfin hjá þiggjendunum eykst optast nær, eptir því sem frá líður, og þá verða engin úrræði önnur en leita á náðir fátækrastjórnarinnar, sem þó áður hefir nógu mörgum þörfum að sinna.

Eins og kunnugt er, er nú til styrktarsjóður, sem hefir það augnamið, að bæta úr þessum vandkvæðum, og hjálpa þeim, sem missa forsorgara sína í sjóinn við fiskiveiðar í Reykjavíkurbæ og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Sjóðurinn var stofnaður með konungsúrsk. 24. júní 1840, og var fyrsti vísir hans 400 kr., sem voru afgangur af samskotum eptir stóran mannskaða 6. apríl 1830 í Reykjavík og á Seltjarnarnesi; hafði þessi afgangur verið settur á vöxtu, og var 1840 orðinn rúmar 587 kr; nú gaf konungur 200 kr. í viðbót, og staðfesti reglugjörð um sjóðinn og skipaði stjórnarnefnd. Var þar meðal annars kveðið svo á, að sjóðurinn skyldi ávaxtast, unz hann væri orðinn 2000 kr., og mætti eigi fyr veita styrk úr honum; minni mætti höfuðstóllinn aldrei verða, en kostað skyldi kapps um að auka hann sem mest að kostur væri á. Í stjórnarnefndinni skyldu vera: bæjarfógetinn og dómkirkjupresturinn í Rvík, sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu, hjeraðsprófasturinn, einn kosinn maður af bæjarfulltrúum Reykjavíkur, og einn maður útnefndur af amtinu. Þegar stjórnarnefndin tók til starfa 1854, var sjóðurinn orðinn 1356 kr.; sendi hún þá út boðsbrjef til samskota í marz 1855, og varð árangurinn af því hinn ákjósanlegasti, því að á næstu 4 árum komu inn í gjöfum 1792 kr. Var sjóðurinn nú búinn ríflega að ná hinni ákveðnu upphæð, og gat tekið til starfa. Hann veitti 120 kr. styrk í fyrsta sinni 1858 3 ekkjum og fátækum manni, sem misst hafði bát sinn. Þá liðu svo 4 ár, að enginn styrkur var veittur, en frá 1863 hefir hann árlega veitt verulegan styrk, optast nálægt 200kr. á ári, en 6 fyrstu árin nokkuð minna. Frá 1863 og til þessa tíma hafa sjóðnum bæzt þessar gjafir: 1864 595 kr.; 1872 27 kr.; 1873 98 kr.; 1877 12 kr.; 1884 126 kr.; 1885 152 kr. og 1887 10 kr. Alls hefir sjóðurinn þannig fengið í samskotum og gjöfum hin síðustu 33 ár (1855—1887), *2,792 kr.*, og er *höfuðstóllinn nú orðinn 5,711 kr.* — Af sjóðnum hefir þessi styrkur verið veittur síðan 1858:

| | |
|---|---|
| 49 ekkjur hafa fengið samtals | 3,705 kr. |
| 9 föðurlaus börn samtals . . | 560 — |
| 1 fátækur sjómaður til að kaupa bát . . . . . . . . . | 60 — |
| Styrkur veittur samtals | 4,325 kr. |

Af þessu yfirliti yfir viðgang sjóðsins og störf hans til þessa tíma má margt læra. Fyrst það, að sje vel haldið á, má mikið gagn verða að litlum vísi; í annan stað, að þegar áhugi manna er rækilega vakinn, er alls eigi ókleyft að ná saman ríflegum tillögum (svo sem 1855—58); í þriðja lagi, að mönnum hættir við, að lina of fljótt á sprettinum, þótt vel sje af stað farið, því að eptir nokkur feit samskotaár hafa komið helzt til mörg mögur ár, þegar sjóðnum hefir verið gefinn langtum minni gaumur en skyldi; og í fjórða lagi, að þrátt fyrir sitt hægt vaxandi bolmagn hefir sjóðurinn *gjört stórmikið gagn, og veitt þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna talsvert á fimmta þúsund króna í styrk.* Hversu auðvelt hefði þó eigi verið að gera sjóðinn helmingi stærri og helmingi hjálpardrýgri, hefði áhugi manna á viðgangi hans aldrei dofnað á þessum liðnu 30 árum? Og hvílík blessun mundi hafa stafað af meiri áhuga í þessu efni fyrir fátæka munaðarleysingja drukknaðra sjómanna? — Hjálpar-skamtarnir úr sjóðnum hafa optast verið 8—12 á ári, og þó eigi verið unnt að gera úrlausn öllum þeim hjálparþurfandi ekkjum, sem styrks hafa óskað. En hefði tvöfalt meira fje verið fyrir hendi, eða 400—500 kr. árlega, þá hefði hjálpin bæði getað náð til fleiri og betur munað um hana hjá hverjum einstökum.

Þessi þarflegi sjóður er nú til, og hefir náð talsverðri upphæð, en hann þarf nauðsynlega enn að *aukast að drjúgum mun*, bæði með gjöfum einstakra megandi manna, sem styrkja vilja gott málefni, og ekki sízt *með almennum, smáum, en stöðugum tillögum frá sjómönnunum* í þessu hjeraði, sem eiga að njóta styrks af sjóðnum fyrir þurfandi ekkjur sínar og börn, ef þeirra skyldi missa við. Minnumst þá þess, að hægra er að styðja en reisa, og dugum sem bezt þessu mikilsverða velferðarmáli. Sýnið nú góð samtök og ötula framkvæmdarsemi. Þjer sjómenn, sem svo opt hljótið að leggja á tvær hættur við stundun atvinnu yðar, leggið fram hver sinn skerf, svo að þjer getið að minnsta kosti haft þá von, að ekkjur yðar og börn verði eigi hjálparlaus eptir, ef svo sorglega skyldi atvikast, að þjer yrðuð burtkallaðir á sjónum. Og þjer, sem eigi búizt við að þurfa styrks af sjóðnum fyrir náunga yðar, látið yður vera það ánægju að styrkja gott fyrirtæki, sem miðar fjelagsbræðrum yðar til mikilvægra hagsbóta, og hugsið um, hvernig ekkjur og munaðarleysingjar muni blessa þá menn, sem, með því að styrkja sjóðinn, veita þeim hjálp og huggun í þungum raunum þeirra!

Það væri æskilegast, að *föst samtök kæmust á í öllum veiðistöðum á því svæði, sem sjóðurinn nær til, þegar í vetur,* áður en vertíð byrjar, um það, að af *hverju skipi* eða bát, sem róið er til fiskjar, og af hverju þilskipi, sem stundar fiskiveiðar, *verði lagður árlega fram lítill skerfur til sjóðsins.* Mundi það vera hagfeldast, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af hverjum hlut væru gefnir fáeinir fiskar, sem formaður sæi um innheimtu á, og afhenti síðan þeim manni, eða þeim mönnum, sem í hverri veiðistöðu tækju að sjer að safna tillögunum fyrir sjóðinn og koma þeim í peninga. Þetta þarf engan verulega að muna um, en sjóðnum verður það stórmikill styrkur. Frá Seltjarnarnesi einu hafa 1884 og 1885 komið í fríviljugum gjöfum rúm 200 kr.; hversu mikið gæti þá safnazt með almennum tillögum úr öllum veiðistöðunum? Setjum svo, að hin árlegu tillög yrðu 1000—1500 kr., sem er alls eigi há áætlun, og að helmingur væri lagður við höfuðstól, en helmingnum útbýtt með hinum árlegu vöxtum sjóðsins, þá jykist höfuðstóllinn drjúgum, og hinir árlegu styrkskamtar gætu þó orðið bæði allmargir og verulegir; mundi þá sjóðurinn og þola að verja jafnvel tvöfaldri upphæð til styrkveitinga þau ár, sem stórslys bæri að höndum, og mætti þá kalla, að munaðarleysingjum drukknaðra sjómanna væri allvel borgið í þessu hjeraði.

Fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, sem hefir gefið okkur undirskrifuðum umboð í þessu efni, skorum við því fastlega á alla góða menn fjær og nær, en einkum á sjómenn, er stunda fiskiveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ, að þeir góðfúslega styrki sjóðinn nú þegar á þessu ári og framvegis, sumpart með gjöfum, sumpart með föstum tillögum af aflanum á þann hátt, sem vikið er á hjer að framan, og treystum við því fullkomlega, að við munum njóta við öflugs liðsinnis margra góðra málsmetandi manna í hverju byggðarlagi, til þess að hvetja hver sína fjelagsmenn, koma á samtökum og föstum fjelagsskap, sjá um, að heitin samskot sjeu greidd, og koma þeim á hagfeldan hátt í peninga; efumst við ekki um, að kaupmenn vorir muni og verða þessu máli vel sinnandi, meðal annars með því, að taka á móti vörum eða innskriptum til sjóðsins, og borga síðan upphæðina til gjaldkerans, em er bæjarfógetinn í Reykjavík. Bæði hann og sýslumaðurinn veita og móttöku þeim peningagjöfum, sem menn kynnu að vilja styrkja sjóðinn með.

Árangurinn af þessari áskorun mun á sínum tíma verða auglýstur í blöðunum, að tilhlutun stjórnarnefndarinnar.

Reykjavík, 16. febr. 1888.

**Hallgrímur Sveinsson. Halldór Daníelsson.**

Styrk samkvæmt samþykkt þeirri, sem gjörð var á fundi sjómanna í Reykjavík 25. f. m. lofum vjer:

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| + Þórður Guðmundsson | Læknisgötu | | |
| + Jóhann Runólfsson | Árabæ | | |
| + Sigurður Sigurðsson | í Steinhúsinu | | |
| + Björn Sveinsson | Grímstaðaholti | | |
| + Jón Torfason | Hákonarbæ | | |
| + Jón Hannesson | Byggarði | | |
| Gunnlaugur Pjetursson | Háaleiti | | |
| + Jón Benediktsson | Austurholti | | |
| Guðmundur Þorkelsson | Pálshúsum | | |
| Guðmundur Ámundsson | Skoti | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentsmiðja Ísafoldar 1888.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Fylgiskjal No 24.*

# Áskorun

*um almenn samskot til »styrktarsjóðs handa þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna».*

---

Það hefir opt verið vakið máls á því í blöðum vorum, hvílík nauðsyn til þess bæri, að öflugur sjóður væri til, sem gæti veitt munaðarlausum ekkjum og börnum sjómanna drjúgan styrk, þegar slysfarir verða við fiskiveiðar, sem því miður er harla títt hjá oss. Ofan á náttúrlega hryggð kvenna og barna við slík voða-atvik bætist optast nær það, að heimilin verða forstöðulaus og konur og börn sjómanna komast sviplega á vonarvöl. Úr þessu mætti að verulegum mun bæta með öflugum styrktarsjóði handa slíkum munaðarleysingjum. Þetta játa allir, sem um málið hugsa; en oflítið er þó að gjört, til þess að hrinda þessu stóra velferðarmáli sjómannastjettarinnar í viðunanlegt horf, og má eigi lengur svo búið standa. Þegar stórkostlegt manntjón verður, eins og borið hefir að höndum hvað eptir annað á hinum síðari árum í veiðistöðvunum við sunnanverðan Faxaflóa, svo sem mönnum hlýtur að vera í vakanda minni, verða að vísu margir til að bæta með fjársamskotum úr hinum bráðustu þörfum munaðarleysingjanna; en auk þess sem það jafnan er undir atvikum komið, hversu vel gengur að ná slíkum samskotum, eigi sízt í erfiðu árferði, þegar fæstir fjelagsmenn eru verulega aflögufærir, þá liggur það í augum uppi, að samskotin eyðast á einu eða 2 árum, en þörfin hjá þiggjendunum eykst optast nær, eptir því sem frá líður, og þá verða engin úrræði önnur en leita á náðir fátækrastjórnarinnar, sem þó áður hefir nógu mörgum þörfum að sinna.

Eins og kunnugt er, er nú til styrktarsjóður, sem hefir það augnamið, að bæta úr þessum vandkvæðum, og hjálpa þeim, sem missa forsorgara sína í sjóinn við fiskiveiðar í Reykjavíkurbæ og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Sjóðurinn var stofnaður með konungsúrsk. 24. júní 1840, og var fyrsti vísir hans 400 kr., sem voru afgangur af samskotum eptir stóran mannskaða 6. apríl 1830 í Reykjavík og á Seltjarnarnesi; hafði þessi afgangur verið settur á vöxtu, og var 1840 orðinn rúmar 587 kr; nú gaf konungur 200 kr. í viðbót, og staðfesti reglugjörð um sjóðinn og skipaði stjórnarnefnd. Var þar meðal annars kveðið svo á, að sjóðurinn skyldi ávaxtast, unz hann væri orðinn 2000 kr., og mætti eigi fyr veita styrk úr honum; minni mætti höfuðstóllinn aldrei verða, en kostað skyldi kapps um að auka hann sem mest að kostur væri á. Í stjórnarnefndinni skyldu vera: bæjarfógetinn og dómkirkjupresturinn í Rvík, sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu, hjeraðsprófasturinn, einn kosinn maður af bæjarfulltrúum Reykjavíkur, og einn maður útnefndur af amtinu. Þegar stjórnarnefndin tók til starfa 1854, var sjóðurinn orðinn 1356 kr.; sendi hún þá út boðsbrjef til samskota í marz 1855, og varð árangurinn af því hinn ákjósanlegasti, því að á næstu 4 árum komu inn í gjöfum 1792 kr. Var sjóðurinn nú búinn ríflega að ná hinni ákveðnu upphæð, og gat tekið til starfa. Hann veitti 120 kr. styrk í fyrsta sinni 1858 3 ekkjum og fátækum manni, sem misst hafði bát sinn. Þá liðu svo 4 ár, að enginn styrkur var veittur, en frá 1863 hefir hann árlega veitt verulegan styrk, optast nálægt 200kr. á ári, en 6 fyrstu árin nokkuð minna. Frá 1863 og til þessa tíma hafa sjóðnum bætzt þessar gjafir: 1864 595 kr.; 1872 27 kr.; 1873 98 kr.; 1877 12 kr.; 1884 126 kr.; 1885 152 kr. og 1887 10 kr. Alls hefir sjóðurinn þannig fengið í samskotum og gjöfum hin síðustu 33 ár (1855—1887), *2,792 kr.*, og er *höfuðstóllinn nú orðinn 5,711 kr.* — Af sjóðnum hefir þessi styrkur verið veittur síðan 1858:

| | |
|---|---|
| 49 ekkjur hafa fengið samtals | 3,705 kr. |
| 9 föðurlaus börn samtals . . | 560 — |
| 1 fátækur sjómaður til að kaupa bát . . . . . . . . | 60 — |
| Styrkur veittur samtals | 4,325 kr. |

Af þessu yfirliti yfir viðgang sjóðsins og störf hans til þessa tíma má margt læra. Fyrst það, að sje vel haldið á, má mikið gagn verða að litlum vísi; í annan stað, að þegar áhugi manna er rækilega vakinn, er alls eigi ókleyft að ná saman ríflegum tillögum (svo sem 1855—58); í þriðja lagi, að mönnum hættir við, að lina of fljótt á sprettinum, þótt vel sje af stað farið, því að eptir nokkur feit samskotaár hafa komið helzt til mörg mögur ár, þegar sjóðnum hefir verið gefinn langtum minni gaumur en skyldi; og í fjórða lagi, að þrátt fyrir sitt hægt vaxandi bolmagn hefir sjóðurinn *gjört stórmikið gagn, og veitt þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna talsvert á fimmta þúsund króna í styrk.* Hversu auðvelt hefði þó eigi verið að gera sjóðinn helmingi stærri og helmingi hjálpardrýgri, hefði áhugi manna á viðgangi hans aldrei dofnað á þessum liðnu 30 árum? Og hvílík blessun mundi hafa stafað af meiri áhuga í þessu efni fyrir fátæka munaðarleysingja drukknaðra sjómanna? — Hjálpar-skamtarnir úr sjóðnum hafa optast verið 8—12 á ári, og þó eigi verið unnt að gera úrlausn öllum þeim hjálparþurfandi ekkjum, sem styrks hafa óskað. En hefði tvöfalt meira fje verið fyrir hendi, eða 400—500 kr. árlega, þá hefði hjálpin bæði getað náð til fleiri og betur munað um hana hjá hverjum einstökum.

Þessi þarflegi sjóður er nú til, og hefir náð talsverðri upphæð, en hann þarf nauðsynlega enn að *aukast að drjúgum mun,* bæði með gjöfum einstakra megandi manna, sem styrkja vilja gott málefni, og ekki sízt *með almennum, smáum, en stöðugum tillögum frá sjómönnunum* í þessu hjeraði, sem eiga að njóta styrks af sjóðnum fyrir þurfandi ekkjur sínar og börn, ef þeirra skyldi missa við. Minnumst þá þess, að hægra er að styðja en reisa, og dugum sem bezt þessu mikilsverða velferðarmáli. Sýnið nú góð samtök og ötula framkvæmdarsemi. Þjer sjómenn, sem svo opt hljótið að leggja á tvær hættur við stundun atvinnu yðar, leggið fram hver sinn skerf, svo að þjer getið að minnsta kosti haft þá von, að ekkjur yðar og börn verði eigi hjálparlaus eptir, ef svo sorglega skyldi atvikast, að þjer yrðuð burtkallaðir á sjónum. Og þjer, sem eigi búizt við að þurfa styrks af sjóðnum fyrir náunga yðar, látið yður vera það ánægju að styrkja gott fyrirtæki, sem miðar fjelagsbræðrum yðar til mikilvægra hagsbóta, og hugsið um, hvernig ekkjur og munaðarleysingjar muni blessa þá menn, sem, með því að styrkja sjóðinn, veita þeim hjálp og huggun í þungum raunum þeirra!

Það væri æskilegast, að *föst samtök kæmust á í öllum veiðistöðum á því svæði, sem sjóðurinn nær til, þegar í vetur,* áður en vertíð byrjar, um það, að af *hverju skipi* eða bát, sem róið er til fiskjar, og af hverju þilskipi, sem stundar fiskiveiðar, *verði lagður árlega fram lítill skerfur til sjóðsins.* Mundi það vera hagfeldast, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af hverjum hlut væru gefnir fáeinir fiskar, sem formaður sæi um innheimtu á, og afhenti síðan þeim manni, eða þeim mönnum, sem í hverri veiðistöðu tækju að sjer að safna tillögunum fyrir sjóðinn og koma þeim í peninga. Þetta þarf engan verulega að muna um, en sjóðnum verður það stórmikill styrkur. Frá Seltjarnarnesi einu hafa 1884 og 1885 komið í fríviljugum gjöfum rúm 200 kr.; hversu mikið gæti þá safnazt með almennum tillögum úr öllum veiðistöðunum? Setjum svo, að hin árlegu tillög yrðu 1000—1500 kr., sem er alls eigi há áætlun, og að helmingur væri lagður við höfuðstól, en helmingnum útbýtt með hinum árlegu vöxtum sjóðsins, þá jykist höfuðstóllinn drjúgum, og hinir árlegu styrkskamtar gætu þó orðið bæði allmargir og verulegir; mundi þá sjóðurinn og þola að verja jafnvel tvöfaldri upphæð til styrkveitinga þau ár, sem stórslys bæri að höndum, og mætti þá kalla, að munaðarleysingjum drukknaðra sjómanna væri allvel borgið í þessu hjeraði.

Fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, sem hefir gefið okkur undirskrifuðum umboð í þessu efni, skorum við því fastlega á alla góða menn fjær og nær, en einkum á sjómenn, er stunda fiskiveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ, að þeir góðfúslega styrki sjóðinn nú þegar á þessu ári og framvegis, sumpart með gjöfum, sumpart með föstum tillögum af aflanum á þann hátt, sem vikið er á hjer að framan, og treystum við því fullkomlega, að við munum njóta við öflugs liðsinnis margra góðra málsmetandi manna í hverju byggðarlagi, til þess að hvetja hver sína fjelagsmenn, koma á samtökum og föstum fjelagsskap, sjá um, að heitin samskot sjeu greidd, og koma þeim á hagfeldan hátt í peninga; efumst við ekki um, að kaupmenn vorir muni og verða þessu máli vel sinnandi, meðal annars með því, að taka á móti vörum eða innskriptum til sjóðsins, og borga síðan upphæðina til gjaldkerans, em er bæjarfógetinn í Reykjavík. Bæði hann og sýslumaðurinn veita og móttöku þeim peningagjöfum, sem menn kynnu að vilja styrkja sjóðinn með.

Árangurinn af þessari áskorun mun á sínum tíma verða auglýstur í blöðunum, að tilhlutun stjórnarnefndarinnar.

Reykjavík, 16. febr. 1888.

**Hallgrímur Sveinsson. Halldór Daníelsson.**

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| Styrk samkvæmt samþykkt þeirri, sem gjörð var á fundi sjómanna í Reykjavík 25. f.m. lofum vjer: | | | |
| + Guðmundur Jóhannesson | Bakkabúð | | |
| ~~Ba~~ | | | |
| Einar Arason | Tóptum | | |
| Ari Einarsson | | | |
| Steingrímur Jónsson | Sölfhól | | |
| + Þórarinn Þórarinsson | Þvottastöðum | | |
| Sigurður Jónsson Byggðarenda | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| Páll Pálsson | Pálsbæ | | |
| Johannes Sigmundsson | Móakoti | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentsmiðja Ísafoldar 1888.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fylgiskjal m. 25.

# Áskorun

*um almenn samskot til »styrktarsjóðs handa þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna».*

---

Það hefir opt verið vakið máls á því í blöðum vorum, hvílík nauðsyn til þess bæri, að öflugur sjóður væri til, sem gæti veitt munaðarlausum ekkjum og börnum sjómanna drjúgan styrk, þegar slysfarir verða við fiskiveiðar, sem því miður er harla títt hjá oss. Ofan á náttúrlega hryggð kvenna og barna við slík voða-atvik bætist optast nær það, að heimilin verða forstöðulaus og konur og börn sjómanna komast sviplega á vonarvöl. Úr þessu mætti að verulegum mun bæta með öflugum styrktarsjóði handa slíkum munaðarleysingjum. Þetta játa allir, sem um málið hugsa; en oflítið er þó að gjört, til þess að hrinda þessu stóra velferðarmáli sjómannastjettarinnar í viðunanlegt horf, og má eigi lengur svo búið standa. Þegar stórkostlegt manntjón verður, eins og borið hefir að höndum hvað eptir annað á hinum síðari árum í veiðistöðvunum við sunnanverðan Faxaflóa, svo sem mönnum hlýtur að vera í vakanda minni, verða að vísu margir til að bæta með fjársamskotum úr hinum bráðustu þörfum munaðarleysingjanna; en auk þess sem það jafnan er undir atvikum komið, hversu vel gengur að ná slíkum samskotum, eigi sízt í erfiðu árferði, þegar fæstir fjelagsmenn eru verulega aflögufærir, þá liggur það í augum uppi, að samskotin eyðast á einu eða 2 árum, en þörfin hjá þiggjendunum eykst optast nær, eptir því sem frá líður, og þá verða engin úrræði önnur en leita á náðir fátækrastjórnarinnar, sem þó áður hefir nógu mörgum þörfum að sinna.

Eins og kunnugt er, er nú til styrktarsjóður, sem hefir það augnamið, að bæta úr þessum vandkvæðum, og hjálpa þeim, sem missa forsorgara sína í sjóinn við fiskiveiðar í Reykjavíkurbæ og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Sjóðurinn var stofnaður með konungsúrsk. 24. júní. 1840, og var fyrsti vísir hans 400 kr., sem voru afgangur af samskotum eptir stóran mannskaða 6. apríl 1830 í Reykjavík og á Seltjarnarnesi; hafði þessi afgangur verið settur á vöxtu, og var 1840 orðinn rúmar 587 kr; nú gaf konungur 200 kr. í viðbót, og staðfesti reglugjörð um sjóðinn og skipaði stjórnarnefnd. Var þar meðal annars kveðið svo á, að sjóðurinn skyldi ávaxtast, unz hann væri orðinn 2000 kr., og mætti eigi fyr veita styrk úr honum; minni mætti höfuðstóllinn aldrei verða, en kostað skyldi kapps um að auka hann sem mest að kostur væri á. Í stjórnarnefndinni skyldu vera: bæjarfógetinn og dómkirkjupresturinn í Rvík, sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu, hjeraðsprófasturinn, einn kosinn maður af bæjarfulltrúum Reykjavíkur, og einn maður útnefndur af amtinu. Þegar stjórnarnefndin tók til starfa 1854, var sjóðurinn orðinn 1356 kr.; sendi hún þá út boðsbrjef til samskota í marz 1855, og varð árangurinn af því hinn ákjósanlegasti, því að á næstu 4 árum komu inn í gjöfum 1792 kr. Var sjóðurinn nú búinn ríflega að ná hinni ákveðnu upphæð, og gat tekið til starfa. Hann veitti 120 kr. styrk í fyrsta sinni 1858 3 ekkjum og fátækum manni, sem misst hafði bát sinn. Þá liðu svo 4 ár, að enginn styrkur var veittur, en frá 1863 hefir hann árlega veitt verulegan styrk, optast nálægt 200kr. á ári, en 6 fyrstu árin nokkuð minna. Frá 1863 og til þessa tíma hafa sjóðnum bæzt þessar gjafir: 1864 595 kr.; 1872 27 kr.; 1873 98 kr.; 1877 12 kr.; 1884 126 kr.; 1885 152 kr. og 1887 10 kr. Alls hefir sjóðurinn þannig fengið í samskotum og gjöfum hin síðustu 33 ár (1855—1887), *2,792 kr.*, og er *höfuðstóllinn nú orðinn 5,711 kr.* — Af sjóðnum hefir þessi styrkur verið veittur síðan 1858:

| | |
|---|---|
| 49 ekkjur hafa fengið samtals | 3,705 kr. |
| 9 föðurlaus börn samtals . . | 560 — |
| 1 fátækur sjómaður til að kaupa bát . . . . . . . . . | 60 — |
| Styrkur veittur samtals | 4,325 kr. |

Af þessu yfirliti yfir viðgang sjóðsins og störf hans til þessa tíma má margt læra. Fyrst það, að sje vel haldið á, má mikið gagn verða að litlum vísi; í annan stað, að þegar áhugi manna er rækilega vakinn, er alls eigi ókleyft að ná saman ríflegum tillögum (svo sem 1855—58); í þriðja lagi, að mönnum hættir við, að lina of fljótt á sprettinum, þótt vel sje af stað farið, því að eptir nokkur feit samskotaár hafa komið helzt til mörg mögur ár, þegar sjóðnum hefir verið gefinn langtum minni gaumur en skyldi; og í fjórða lagi, að þrátt fyrir sitt hægt vaxandi bolmagn hefir sjóðurinn *gjört stórmikið gagn, og veitt þurfandi ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna talsvert á fimmta þúsund króna í styrk.* Hversu auðvelt hefði þó eigi verið að gera sjóðinn helmingi stærri og helmingi hjálpardrýgri, hefði áhugi manna á viðgangi hans aldrei dofnað á þessum liðnu 30 árum? Og hvílík blessun mundi hafa stafað af meiri áhuga í þessu efni fyrir fátæka munaðarleysingja drukknaðra sjómanna? — Hjálpar-skamtarnir úr sjóðnum hafa optast verið 8—12 á ári, og þó eigi verið unnt að gera úrlausn öllum þeim hjálparþurfandi ekkjum, sem styrks hafa óskað. En hefði tvöfalt meira fje verið fyrir hendi, eða 400—500 kr. árlega, þá hefði hjálpin bæði getað náð til fleiri og betur munað um hana hjá hverjum einstökum.

Þessi þarflegi sjóður er nú til, og hefir náð talsverðri upphæð, en hann þarf nauðsynlega enn að *aukast að drjúgum mun*, bæði með gjöfum einstakra megandi manna, sem styrkja vilja gott málefni, og ekki sízt *með almennum, smáum, en stöðugum tillögum frá sjómönnunum* í þessu hjeraði, sem eiga að njóta styrks af sjóðnum fyrir þurfandi ekkjur sínar og börn, ef þeirra skyldi missa við. Minnumst þá þess, að hægra er að styðja en reisa, og dugum sem bezt þessu mikilsverða velferðarmáli. Sýnið nú góð samtök og ötula framkvæmdarsemi. Þjer sjómenn, sem svo opt hljótið að leggja á tvær hættur við stundun atvinnu yðar, leggið fram hver sinn skerf, svo að þjer getið að minnsta kosti haft þá von, að ekkjur yðar og börn verði eigi hjálparlaus eptir, ef svo sorglega skyldi atvikast, að þjer yrðuð burtkallaðir á sjónum. Og þjer, sem eigi búizt við að þurfa styrks af sjóðnum fyrir náunga yðar, látið yður vera það ánægju að styrkja gott fyrirtæki, sem miðar fjelagsbræðrum yðar til mikilvægra hagsbóta, og hugsið um, hvernig ekkjur og munaðarleysingjar muni blessa þá menn, sem, með því að styrkja sjóðinn, veita þeim hjálp og huggun í þungum raunum þeirra!

Það væri æskilegast, að *föst samtök kæmust á í öllum veiðistöðum á því svæði, sem sjóðurinn nær til, þegar í vetur,* áður en vertíð byrjar, um það, að af *hverju skipi* eða bát, sem róið er til fiskjar, og af hverju þilskipi, sem stundar fiskiveiðar, *verði lagður árlega fram litill skerfur til sjóðsins.* Mundi það vera hagfeldast, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af hverjum hlut væru gefnir fáeinir fiskar, sem formaður sæi um innheimtu á, og afhenti síðan þeim manni, eða þeim mönnum, sem í hverri veiðistöðu tækju að sjer að safna tillögunum fyrir sjóðinn og koma þeim í peninga. Þetta þarf engan verulega að muna um, en sjóðnum verður það stórmikill styrkur. Frá Seltjarnarnesi einu hafa 1884 og 1885 komið í fríviljugum gjöfum rúm 200 kr.; hversu mikið gæti þá safnazt með almennum tillögum úr öllum veiðistöðunum? Setjum svo, að hin árlegu tillög yrðu 1000—1500 kr., sem er alls eigi há áætlun, og að helmingur væri lagður við höfuðstól, en helmingnum útbýtt með hinum árlegu vöxtum sjóðsins, þá jykist höfuðstóllinn drjúgum, og hinir árlegu styrkskamtar gætu þó orðið bæði allmargir og verulegir; mundi þá sjóðurinn og þola að verja jafnvel tvöfaldri upphæð til styrkveitinga þau ár, sem stórslys bæri að höndum, og mætti þá kalla, að munaðarleysingjum drukknaðra sjómanna væri allvel borgið í þessu hjeraði.

Fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, sem hefir gefið okkur undirskrifuðum umboð í þessu efni, skorum við því fastlega á alla góða menn fjær og nær, en einkum á sjómenn, er stunda fiskiveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ, að þeir góðfúslega styrki sjóðinn nú þegar á þessu ári og framvegis, sumpart með gjöfum, sumpart með föstum tillögum af aflanum á þann hátt, sem vikið er á hjer að framan, og treystum við því fullkomlega, að við munum njóta við öflugs liðsinnis margra góðra málsmetandi manna í hverju byggðarlagi, til þess að hvetja hver sína fjelagsmenn, koma á samtökum og föstum fjelagsskap, sjá um, að heitin samskot sjeu greidd, og koma þeim á hagfeldan hátt í peninga; efumst við ekki um, að kaupmenn vorir muni og verða þessu máli vel sinnandi, meðal annars með því, að taka á móti vörum eða innskriptum til sjóðsins, og borga síðan upphæðina til gjaldkerans, em er bæjarfógetinn í Reykjavík. Bæði hann og sýslumaðurinn veita og móttöku þeim peningagjöfum, sem menn kynnu að vilja styrkja sjóðinn með.

Árangurinn af þessari áskorun mun á sínum tíma verða auglýstur í blöðunum, að tilhlutun stjórnarnefndarinnar.

Reykjavík, 16. febr. 1888.

**Hallgrímur Sveinsson. Halldór Daníelsson.**

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| P. Pjetursson biskup | Reykjavík | Árna Gíslasyni | 10 kr. |
| M. Stephensen | landshöfð. | Halldóri Daníelss. | 97 – |
| E. Th. Jonassen amtmaður | | — " | 20 – |
| G. Þórðarson bæjarfulltrúi | | — " | 8 – |
| H. Friðriksson yfirkennari | | — " | 5 – |
| Halldór Daníelsson bæjarfóg. | | — " | 10 – |
| Sighv. Bjarnason bankabókari | | — " | 3 – |
| Indriði Einarsson revisor | | — " | 2 – |
| Þórarinn Þórarinsson | Frostastöðum | — " | 5 – |
| Steingrímur Jónsson | Sölvhól | — " | 1 – 90 a. |
| Guðmundur Ásmundss. | Hákoti | — " | 1 – 50 – |
| Sigurður Sigurðsson | Steinhúsi | — " | 5 – 6 – |
| Jón Torfason | Hákonarbæ | — " | 4 – " |
| Þórður Guðmundsson | Hól | — " | 8 – " |
| Grímur Jakobsson | Seli | — " | 2 – " |
| | | | 182.46 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nöfn og stjett gefenda. | Heimili. | Hverjum gjöfin verður afhent. | Hve mikið gefið er. |
|---|---|---|---|
| Jón Jónsson | Mýrarhúsum | Hald. Daníelssyni | 5 Kr. } Seltj. |
| Ingjaldur Sigurðsson | Lambastöð | —— " —— | 5 — " |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentsmiðja Ísafoldar 1888.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur